



**Samandreginn árshlutareikningur**

**30. júní 2007**

Skipti hf.  
Ármúla 25  
108 Reykjavík  
Kt. 460207-0880

## Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla stjórnar.....	3
Áritun endurskoðanda.....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymi .....	7
Yfirlit um breytingar á eigin fé .....	8
Skýringar .....	9-15

## Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

---

Samandreginn árs hlutareikningur samstæðu Skipta hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS nr. 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Skipta hf. og dótturfélaga þess.

Á aðalfundi Símans hf. þann 15. mars sl. var samþykkt að skipta Símanum upp í Skipti hf., Milu ehf., Fasteignafélagið Jörfa ehf. og Símann hf. þar sem Skipti hf. varð móðurfélag hinna félaganna. Samanburðarfjárhæðir í árs hlutareikningi eru því fjárhæðir úr árs hlutareikningi Símans hf.

Að áliti stjórnar og forstjóra koma fram í árs hlutareikningnum þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok júní, rekstrarafkomu á tímabilinu frá janúar til júní og fjárhagslegri þróun á sama tíma.

Stjórn og forstjóri Skipta hf. staðfesta hér með árs hlutareikning félagsins fyrir tímabilið janúar til júní 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. júlí 2007.

Stjórn:

Lýður Guðmundsson, formaður

Rannveig Rist

Panikos Katsouris

Erlendur Hjaltason

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson

Forstjóri:

Brynjólfur Bjarnason

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa í Skiptum hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Skipta hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Abyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slik könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2007 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 26. júlí 2007.

**Deloitte hf.**

Hilmar A. Alfreðsson  
endurskoðandi

**Rekstrarreikningur**  
fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2007

	2007	2006 *
Sala .....	15.513.559	11.754.069
Kostnaðarverð .....	( 8.566.461)	( 6.442.680)
Framlegð .....	6.947.098	5.311.389
Aðrar rekstrartekjur .....	180.147	144.026
Rekstrarkostnaður .....	( 4.811.710)	( 3.489.026)
Rekstrarhagnaður .....	2.315.535	1.966.389
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	2 519.334	( 9.771.675)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	( 1.865)	( 11.161)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt .....	2.833.004	( 7.816.447)
Tekjuskattur .....	( 387.983)	1.409.026
Hagnaður (tap) tímabilsins .....	<u>2.445.021</u>	<u>( 6.407.421)</u>
 <b>Hagnaður (tap) tímabilsins skiptist þannig:</b>		
Hluthafar móðurfélags .....	2.440.877	( 6.409.506)
Minnihluti .....	4.144	2.085
	<u>2.445.021</u>	<u>( 6.407.421)</u>
 <b>Hagnaðarhluti:</b>		
Hagnaður (tap) á hverja krónu hlutafjár .....	3 0,35	(0,21)

\* Samanburðarfjárhæðir 2006 eru fyrir árshlutareikning Símans hf.

## Efnahagsreikningur 30. júní 2007

	Skr.	30.6.2007	31.12.2006
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....		18.305.775	17.842.927
Oefnislegar eignir.....		62.975.939	61.155.750
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....		509.098	528.807
Eignarhlutir í öðrum félögum .....		1.672.961	1.421.977
Verðbréf og langtímakröfur .....		303.494	150.000
Fastafjármunir		83.767.267	81.099.461
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....		883.207	841.939
Viðskiptakröfur .....		5.541.697	5.755.229
Aðrar skammtímakröfur .....		800.906	156.729
Handbært fé .....		1.371.786	1.053.380
Veltufjármunir		8.597.596	7.807.277
<b>Eignir alls</b>		<b>92.364.863</b>	<b>88.906.738</b>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....		7.359.562	7.000.000
Varasjóður .....		1.149.741	0
Þýðingarmunur .....	(	119.116)	0
Óráðstafað eigið fé .....		23.554.136	21.113.259
Eigið fé hluthafa móðurfélags		31.944.323	28.113.259
Hlutdeild minnihluta .....		163.502	1.333.614
Eigið fé samtals		32.107.825	29.446.873
<b>Langtímaskuldir</b>			
Skuldabréfalán .....		45.879.137	50.747.020
Tekjuskattsskuldbinding .....		436.737	156.224
Langtímaskuldir		46.315.874	50.903.244
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....		2.411.660	185.181
Viðskiptaskuldir .....		3.761.193	2.246.766
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....		3.004.368	3.430.293
Aðrar skammtímaskuldir .....		4.763.943	2.694.381
Skammtímaskuldir		13.941.164	8.556.621
Skuldir samtals		60.257.038	59.459.865
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>		<b>92.364.863</b>	<b>88.906.738</b>

**Yfirlit um sjóðstreymi  
fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2007**

	Skýr.	2007	2006*
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi .....		2.315.535	1.966.389
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....		2.001.042	2.002.932
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....	(	13.161)	( 15.127)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum .....		26.367	307.721
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		4.329.783	4.261.915
Innborgaðir vextir .....		218.539	106.447
Greiddir skattar .....		0	( 475.978)
Greiddir vextir .....	(	1.556.679)	( 1.154.049)
Handbært fé frá rekstri		2.991.643	2.738.335
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	(	2.052.083)	( 894.496)
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	(	38.230)	( 88.994)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		24.080	40.784
Skuldabréfaeign, breyting .....	(	23.507)	23.291
Eignarhlutir í öðrum félögum, breyting .....	(	1.323.619)	158.222
Fjárfestingarhreyfingar	(	3.413.359)	( 761.193)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Greiddur arður .....		0	( 630.907)
Tekin ný langtímalán .....		105.323	212.869
Afborganir langtímalána .....	(	1.518.172)	( 941.196)
Skammtímalán, breyting .....		2.226.479	0
Keypt eigin bréf .....		9.874	( 224.847)
Fjármögnunarhreyfingar		823.504	( 1.584.081)
<b>Hækkun á handbæru fé .....</b>		<b>401.788</b>	<b>393.061</b>
<b>Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....</b>	<b>(</b>	<b>83.382)</b>	<b>0</b>
<b>Handbært fé í upphafi árs .....</b>		<b>1.053.380</b>	<b>464.870</b>
<b>Handbært fé í lok tímabils.....</b>		<b>1.371.786</b>	<b>857.931</b>

\* Samanburðarfjárhæðir 2006 eru fyrir árshlutareikning Simans hf.

**Yfirlit um breytingar á eigin fé  
fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007**

---

	Hlutafé	Varasjóður	Þýðingar-munur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé hluthafa móðurfélags	Minnihluti	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2007 .....	7.000.000	0	0	21.113.259	28.113.259	1.333.614	29.446.873
Hagnaður tímabilsins .....				2.440.877	2.440.877	4.144	2.445.021
Breyting á hlutdeild minnihluta .....					0	( 1.174.256)	( 1.174.256)
Þýðingarmunur .....			( 119.116)		( 119.116)		( 119.116)
Breyting á hlutafé .....	359.562	1.149.741			1.509.303		1.509.303
Eigið fé 30.6. 2007 .....	<u>7.359.562</u>	<u>1.149.741</u>	<u>( 119.116)</u>	<u>23.554.136</u>	<u>31.944.323</u>	<u>163.502</u>	<u>32.107.825</u>



# Skýringar

---

## Almennar upplýsingar

Samandreginn árs hlutareikningur Skipta hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

## Helstu reikningsskilaaðferðir

(a) Samandreginn árs hlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS) IAS 34 um árs hlutareikninga sem staðfestur hefur verið af Evrópusambandinu.

Árs hlutareikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð fyrir utan endurmat ákveðinna fastafjármuna og fjármálagerna. Árs hlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

Eftirfarandi eru nýir og uppfærðir staðlar og túlkningar sem tekið hafa gildi frá og með 1. janúar 2007:

- IAS 32, *Fjármálagerningar: framsetning*
- IFRS 7, *Fjármálagerningar: skýringar*
- IFRIC 7, *Beiting endurmatsaðferðar skv. LAS 29, reikningsskil í hagkerfum þar sem óðaverðbólga ríkir.*
- IFRIC 9, *Endurmat innbyggðra afleiða*
- IFRIC 10, *Árs hlutareikningsskil og virðisrýrning*

Gildistaka framangreindra staðla og túlkana hefur ekki haft áhrif á reikningsskil félagsins hvað varðar innlausn tekna, lotun gjalda eða mat á virði eigna.

Áhrif gildistöku IFRS 7 á ársreikninga félaga fyrir árið 2007 felast í aukinni og breyttri upplýsingagjöf í skýringum varðandi fjáreignir. Gildistaka IFRS 7 hefur ekki áhrif á árs hlutareikninga félaga.

## (b) Grundvöllur reikningsskilanna

Árs hlutareikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð fyrir utan endurmat ákveðinna fastafjármuna og fjármálagerna. Árs hlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir birtar í þúsundum. Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Gerð árs hlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur leggi mat á og dragi ályktanir vegna atriða sem hafa áhrif á fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Raunverulegar niðurstöður kunna síðar að vera frábrugðnar slíku mati. Framangreint mat og forsendur þess er endurskoðað reglulega. Breyting á mati er færð á því ári sem það er endurskoðað hafi matið einungis áhrif á það ár og síðari ár.

## (c) Grundvöllur samstæðu

### i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélaga í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þeirra. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalín í reikningsskilum félagsins frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur.

### ii) Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem félag hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en hefur ekki yfirráð. Árs hlutareikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í rekstrarárangri hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er fjárfestingin gjaldfærð að fullu og færslu frekara taps hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir eða fjármagnað viðkomandi hlutdeildarfélag.

## Skýringar

*iii) Viðskipti felld út úr samstæðureikningnum*

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli félaganna er felldur út í samstæðureikningnum. Óinnleyst tap er felld út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar eignarinnar.

*iv) Reikningsskilaaðferðum hefur verið beitt á samræmdan hátt af öllum fyrirtækjum innan samstæðunnar.*

*(d) Erlendir gjaldmiðlar*

*i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok tímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.*

*ii) Rekstrarliðir dótturfélaga, sem ekki semja reikningsskil í íslenskum krónum, eru umreiknaðir í íslenskar krónur á meðalgengi hvers ársfjórðungs, en efnahagsliðir aðrir en hlutafé eru umreiknaðir í íslenskar krónur á gengi í lok tímabils. Þýðingarmismunur vegna yfirfærslu reikningsskila dótturfélaga úr uppgjörsmýnt í íslenskar krónur er færður yfir þýðingarmun meðal eigin fjár. Slíkir þýðingarmunir eru færðir til tekna eða gjalda eftir því sem við á þegar dótturfélög eru seld.*

*(e) Afleiðusamningar*

Félagið notar afleiðusamninga til að takmarka vaxta- og gengisáhættu sína. Afleiðusamningar eru upphaflega færðir á kostnaðarverði. Eftir upphafsfræslu eru afleiðusamningar færðir á markaðsvirði og er breytingin færð í rekstrarreikning. Hagnaður eða tap af áhættuvörninni er fært í rekstrarreikning.

Markaðsvirði framvirkra samninga á uppgjörstegi er núvirði þeirra.

*(f) Áhættuvarnarreikningsskil*

Þegar afleiðusamningur er notaður til að verjast gengisáhættu peningalegra eigna eða skulda er áhættuvarnarreikningsskilum ekki beitt. Hagnaður eða tap af áhættuvörninni er fært í rekstrarreikning.

*(g) Varanlegir rekstrarfjármunir*

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og færðar miðað við mismunandi nýtingartíma.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar eða endurbóta á varanlegum rekstrarfjármunum er færður til hækkunar á bókfærðu verði viðkomandi eigna þegar sá kostnaður fellur til, ef líklegt er að viðkomandi eignir muni skila félaginu tekjum til framtíðar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar linulega miðað við áætlaðan nýtingartíma og hrakvirði einstakra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fjarskiptabúnaður .....	4 – 18 ár
Fasteignir .....	15 - 33 ár
Tæki og tölvubúnaður .....	3 – 10 ár
Bifreiðar .....	5 – 10 ár

Áætlað hrakvirði eigna er endurmetið árlega svo fremi að það sé ekki óverulegt.

# Skýringar

## (h) Óefnislegar eignir

### i) Viðskiptavild

Viðskiptavild sem myndast í samstæðunni er vegna mismunar á kaupverði dótturfélags og hlutdeildar í hreinni eign þess eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirðis á kaupdegi. Viðskiptavild er færð til eignar og metin með tilliti til virðismats á reikningsskiladegi. Til að hægt sé að meta virðismat er viðskiptavild skipt niður á sjóðsskapandi einingar. Sjóðsskapandi einingar sem viðskiptavild hefur verið úthlutað á eru prófaðar með tilliti til virðismats árlega eða oftár ef vísbending um virðisrýrnun er til staðar. Ef virðisrýrnun hefur átt sér stað er viðskiptavild fyrst færð niður en síðan aðrar eignir sem tilheyra viðkomandi sjóðsskapandi einingu. Virðisrýrnun á viðskiptavild er ekki færð til baka á síðari tímabilum.

### ii) Aðrar óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir, aðrar en viðskiptavild, eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma sem greinist þannig:

Hugbúnaður .....	3-7 ár
Samningsbundin réttindi .....	3 ár
Annað .....	3 ár

## (i) Fjárfestingar

Fjárfestingar í öðrum félögum eru flokkaðar sem verðbréf og eru þær metnar á markaðsvirði þar sem það liggur fyrir og eru matsbreytingar færðar á eigið fé. Við sölu eignarhlutanna er uppsafnaður hagnaður eða tap, sem áður var fært á eigið fé, fært í rekstrarreikning. Í þeim tilvikum sem markaðsverð liggur ekki fyrir eru fjárfestingarnar færðar til eignar á kostnaðarverði.

Skuldabréfaeign er færð til eignar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Vextir af skuldabréfum eru færðir í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

## (j) Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun.

Næsta árs afborganir af skuldabréfaeign eru færðar með öðrum skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

## (k) Birgðir

Birgðir í efnahagsreikningi greinast í vörur til endursölu, rekstrarvörur, verk í vinnslu og dagskrárefni til sýninga í sjónvarpi. Birgðir af endursöluvörum eru færðar til eignar á kostnaðarverði eða skilaverði ef það er lægra. Áætlað skilaverð er metið sem söluverð að frádregnum sölukostnaði. Rekstrarvörur eru færðar til eignar á síðasta innkaupsverði. Dagskrárefni til sýninga í sjónvarpi er fært til eignar á kostnaðarverði.

## (l) Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði, bankainnstæðum og markaðsverðbréfum. Til markaðsverðbréfa teljast skammtímaverðbréf, skráð eða óskráð, sem eru auðseljanleg eða innleysanleg innan þriggja mánaða. Markaðsverðbréfin eru metin á markaðsvirði.

## Skýringar

---

### (m) **Virðismat**

Bókfært verð eigna samstæðunnar, annarra en birgða, er yfirfarið við gerð reikningsskila til að meta hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð. Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar og er hún færð í rekstrarreikning.

#### i) *Útreikningur á endurheimtanlegri fjárhæð*

Endurheimtanleg fjárhæð verðbréfaeignar og annarra krafna er reiknuð sem núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis afvaxtað með upphaflegum virkum vöxtum. Skammtímakröfur eru ekki afvaxtaðar.

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er söluverð þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið út frá væntu framtíðarfjárflæði sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir einstökum eignum.

#### ii) *Bakfærsla virðisrýrnunar*

Virðisrýrnun vegna viðskiptavildar er ekki bakfærð.

Áður færð virðisrýrnun vegna annarra eigna er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð.

### (n) **Vaxtaberandi skuldir**

Vaxtaberandi skuldir eru við lántöku færðar á markaðsvirði að frádregnum tilheyrandi kostnaði. Á endurgreiðslutíma þeirra eru þær síðan færðar til skuldar miðað við virka vexti og er lántökukostnaði dreift á lánstímann.

### (o) **Skuldbindingar**

Skuldbinding er færð í efnahagsreikning ef á samstæðunni hvílir lagaleg eða ætluð skylda vegna fyrri atburða og líklegt er talið að hún verði fyrir kostnaði við uppgjör á viðkomandi skuldbindingu.

### (p) **Viðskiptaskuldir**

Viðskiptaskuldir eru færðar til skuldar á kostnaðarverði.

### (q) **Tekjur**

Tekjur af fjarskiptaþjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan er veitt. Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst til kaupanda. Auglýsingatekjur í sjónvarpi eru færðar í rekstrarreikning þegar auglýsingar eru birtar. Tekjufærsla þeirra er gerð við fyrstu sýningu þrátt fyrir að sama auglýsing geti verið birt oft en einu sinni vegna endursýninga á sjónvarpsþáttum. Sama regla gildir um kostun einstakra sjónvarpsþátta. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra eða hvort vöru verði skilað.

### (r) **Útgjöld**

#### i) *Kostnaðarverð seldrar þjónustu og rekstrarkostnaður*

Liðurinn kostnaðarverð í rekstrarreikningi samanstendur af kostnaði við rekstur fjarskiptakerfa, beinum útsendingarkostnaði sjónvarps og kostnaðarverði seldra vara, þar með töldum launakostnaði og afskriftum varanlegra rekstrarfjármuna sem tengjast framangreindum liðum.

Rekstrarkostnaður samkvæmt rekstrarreikningi samanstendur af sölukostnaði, þjónustu við viðskiptavinum, skrifstofu- og stjórnumarkostnaði, niðurfærslu skammtímakrafna og ymsum öðrum kostnaði.

## Skýringar

---

ii) *Rekstrarleigugreiðslur*

Greiðslur á grundvelli rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning yfir leigutímabil þeirra.

iii) *Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld*

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum af lánum sem reiknuð eru miðað við virka vexti, vaxtatekjum af fjárfestingum, móttæknum arði, gengishagnaði og gengistapi og tapi af áhættuvarnargerningum sem eru færð í rekstrarreikning.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til og er miðað við virka vexti af eigninni. Móttékinn arður er færður í rekstrarreikning þegar arðsúthlutun er tilkynnt.

(s) **Tekjuskattur**

Tekjuskattur á afkomu tímabilsins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna tímabilsins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilvikum er tekjuskattur færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna tímabilsins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri tímabila.

Reiknuð skattskuldbinding er færð samkvæmt efnahagsskuldbindingaraðferð. Í því felst að reiknuð skattskuldbinding er miðuð við mismun á bókfærðu verði eigna og skulda í reikningsskilum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Tekjuskattur er ekki reiknaður vegna viðskiptavildar sem ekki er frádráttarbær samkvæmt skattalögum og ekki af mismuni sem tengist fjárfestingum í dótturfélögum að því marki sem tímbundinn mismunur muni líklega ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð.

Tekjuskattsineign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni.

(t) **Starfspáttayfirlit**

Starfspáttur er aðgreinanlegur hluti félagsins sem annað hvort selur sambærilegar vörur eða veitir þjónustu sem ber áhættu og ávinning sem er frábrugðinn því sem fylgir öðrum starfspáttum. Verðlagning viðskipta milli starfspátta er ákveðin af félaginu á grundvelli viðskiptaverðs milli óskyldra aðila.

## Skýringar

### Starfsþáttayfirlit

1. Rekstur samstæðunnar greinist þannig eftir starfsþáttum á tímabilinu:

	Innlendur markaður	Erlendir markaðir	Samtals
Sala .....	12.424.337	3.089.222	15.513.559
Kostnaðarverð .....	( 6.244.810)	( 2.321.651)	( 8.566.461)
Framlegð .....	6.179.527	767.571	6.947.098
Aðrar tekjur .....	180.147	0	180.147
Rekstrarkostnaður .....	( 4.216.633)	( 595.077)	( 4.811.710)
Rekstrarhagnaður .....	<u>2.143.041</u>	<u>172.494</u>	<u>2.315.535</u>

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

2. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2007 1.1. - 30.6.	2006 1.1. - 30.6.
Vaxtatekjur og verðbætur .....	165.665	118.818
Arður og söluhagnaður af eignarhlutum .....	337.765	605.700
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 1.957.659)	( 2.216.677)
Gengismunur .....	1.973.563	( 8.279.516)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals .....	<u>519.334</u>	<u>( 9.771.675)</u>

### Hagnaður á hlut

3. Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu og vegins meðaltals hlutafjár á tímabilinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár.

	2007 1.1. - 30.6.
<b>Grunnhagnaður á hlut:</b>	
Hagnaður tímabilsins til hluthafa í móðurfélaginu.....	2.440.877
Vegið meðaltal útistandandi hluta.....	7.059.818
Hagnaður á hverja krónu hlutafjár.....	0,35

### Dótturfélög

4. Sextán dótturfélög eru innifalin í samstæðureikningi og eru þau eftirfarandi:

	Eignarhluti
Aerofone Ltd. ....	100,0%
Anza hf. ....	97,4%
Gaukshöfði ehf. ....	100,0%
Jörfi ehf. ....	100,0%
Míla ehf. ....	100,0%
On-waves S.á.r.l. ....	100,0%
On-waves ehf. ....	85,0%
Radíómiðun ehf. ....	75,0%
Sensa ehf. ....	100,0%
Siminn UK Ltd. ....	100,0%
Sirius IT .....	92,0%
Siminn hf. ....	100,0%
Skjá miðlar ehf. ....	100,0%
Skjárinn ehf. ....	100,0%
Tæknivörur ehf. ....	53,5%
Já Upplýsingaveitur ehf. ....	100,0%

## Skýringar

### Breytingar innan Skipta

#### Kaup á félögum

5. Síminn keypti á tímabilinu öll hlutabréf í Sensa ehf. Síminn UK, dótturfélag Simans, keypti 100% eignarhlut í Aerofone Ltd. Bráðabirgðauthlutun kaupverðs félaganna er sem hér segir en samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum hefur félagið 12 mánuði frá kaupdegi til að ljúka henni.

	Sensa ehf.	Aerofone Ltd.
Rekstrarfjármunir .....	93.912	3.452
Viðskiptavild .....	0	334.515
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur .....	161.581	60.181
Markaðsverðbréf .....	38.314	5.245
Aðrar eignir .....	18.526	31.562
Handbært fé .....	70.645	75.360
Eignir	382.977	510.315
Tekjuskattsskuldbinding .....	( 2.711)	4.373
Aðrar skuldbindingar .....	( 56.165)	( 63.040)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	( 135.712)	( 254.709)
Skuldir	( 194.588)	( 313.376)
Hrein eign	188.389	196.939
Viðskiptavild .....	871.906	1.137.377
	1.060.295	1.334.316
Kaupverðið skiptist þannig:		
Greitt með handbæru fé .....	215.000	1.260.803
Hlutabréf í Skiptum hf., óútgefin .....	840.000	
Kostnaður við kaupin .....	5.295	73.513
	1.060.295	1.334.316

Ef kaupin á Sensa og Aerofone hefðu átt sér stað á fyrsta degi ársins hefði hagnaður samstæðunnar verið 86 m.kr. hærrí.

Skípti seldi á tímabilinu 46,5 % hlut í Tæknivörum ehf. en sú sala hefur óveruleg áhrif á rekstur og efnahag félagsins

#### Atburðir eftir lok reikningsskiladags

6. Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringar eða breytingar á árshlutareikningi.
7. Árshlutareikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum 26. júlí 2007. Stjórn félagsins heimilaði birtingu árshlutareikningsins þann sama dag